

## ✉ Re: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033

Búið til	14.9.2022 16:02:59
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	14.9.2022 16:02:58
Tilheyrir	📁 202208-0024 - Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033

### Efni

Re: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	14.9.2022 16:02:58	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	bygg@vik.is
Cc	Snorri.Sigurdsson@ni.is

### Innihald

Góðan dag, meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar.

-----

Tilvísun í mál nr. 202208-0024 (LA, OKV, BK)

Vísað er til tölvupósts frá sveitarstjórn Mýrdalshrepps, dags. þann 24. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um vinnslutillögu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033. Samhliða endurskoðun aðalskipulags er verið að vinna að umhverfismati um færslu Hringveggar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um í frekari vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun vill benda á nokkur atriði sem vinna má betur eða hafa í huga í áframhaldandi vinnu við aðalskipulagið:

**3.7.1 Landslagsflokkun:** Flokkur 4.2 *Ungt fjallendi með nútímahraunum* og að hluta til flokkur 7.1 *Graslandar sléttur við strendur*, eiga ekki við um grónar heiðar og fjallendi Mýrdalshrepps.

**3.7.2 Jarðfræði og veður:** Það á ekki við að setja þessa tvo ólíku náttúruvafarsþætti saman í kafla

**3.7.3 Náttúruverndarskrá:** hér kemur fram misskilningur sem er gegnumgangandi í tillögunni og þarf að lagfæra (sjá líka kafla 7.4 NÁTTÚRUVERNÐ). Fyrir það fyrsta er verið að fjalla um Náttúruminjaskrá sem skiptist í A-, B- og C-hluta. A-hluti felur í sér friðlýst svæði og í Mýrdalshreppi er eitt slíkt svæði, Dyrhólaey. Þá eru 8 svæði á núgildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) sem aðrar náttúruminjar og eitt svæði hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að verði á B-hluta, Mýrdalur (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur>) (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur>)),

Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð eru í Víkurhömrum (<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/fagridalur-vik-vikurhamrar>) (<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/fagridalur-vik-vikurhamrar>)) sem taka þarf tillit til við framkvæmdir, s.s. að tryggja greiða flugleið ungra fýla til sjávar.

**3.7.5 Náttúruvá:** hér má bæta við að vegna nálægðar við sjó er einnig hættu á sjávarflóðum á láglandi ásamt landbroti við ströndina, sem er tekið fram. Með loftslagsvá og vaxandi skógrækt eykst hættu á skógareldum.

**4 Byggð, menning og samfélag:** Á mynd 18 sem og í uppdættinum má sjá að iðnaðarsvæði (I1 og I2) og íþróttasvæði (sem er reyndar „víkjandi“ hesthúsahverfi) liggja að hluta til yfir kríuvarp sem Náttúrufræðistofnun hefur afmarkað í nýlegum rannsóknum. Sumarið 2021 voru að lágmarki um 700 þör þar í varpi en varpið var lengi vel mikið stærra og virðist fara vaxandi á ný og mikilvægt er að tryggja vernd varpsins.

**5.4.4 Kolefnisbinding:** Full ástæða er til að nefna að endurheimt votlendis sé kostur í kolefnisbindingu enda hefst kolefnisbinding votlendis um leið og það hefur verið endurheimt. Sóknarfæri er í sveitarfélaginu að binda kolefni með því að endurheimta votlendi sem ræst hefur verið fram og er ekki í nýtingu. Endurheimt votlendis getur hæglega haft samlegðaráhrif með náttúruvernd á þessu svæði.

## 5.5 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)

„Mikil tækifæri eru fólgin í vernd og endurheimt vistkerfa í sveitarfélaginu, ekki síst þegar horft er til endurheimtar birkiskóga. Endurheimt vistkerfa hefur í för með sér fjölbættan ávinning, t.d. í loftslagsmálum með bindingu koltvísyrings úr andrúmslofti. Þá eru aðgerðir til að koma í veg fyrir áfok á byggð og vegi mjög brýnar í sveitarfélaginu. Áhersla skal lögð á jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu og vernd vistkerfa, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands innan sveitarfélagsins.“

Í þessum inngangskafli þyrfti að koma að endurheimt votlendis sem tækifæri til endurheimtar vistkerfa en það sætir furðu að það sé ekki nefnt í þessu samhengi. Endurheimt votlendis er þó nefnd í almennum ákvæðum neðar og þá aðallega í samhengi við takmarkandi þætti.

„Horft skal til endurheimtar votlendis þar sem tækifæri eru til á rýru landbúnaðarlandi í flokki L4 sem verður ekki notað til landbúnaðarframleiðslu.“ Bls. 66.

Samkvæmt mynd 22 eru Sólheimasandur og Mýrdalssandur flokkaðir til L4 en á þeim svæðum er fremur lítið um votlendi, helst vestur af Pétursey. Þýðir það að það sé mat hreppsins/Landmótunar að fá tækifæri séu til endurheimtar votlendis?

Í töflu 13 kemur fram að mikil uppgræðsla er fyrirhuguð á söndum Mýrdalshrepps. Sandar eru jarðminjar sem hafa alþjóðlegt mikilvægi vegna fágætis og því væri full ástæða til að taka frá svæði sem fá að þróast á náttúrulegan hátt. Þá má benda á að síðustu áratugi hefur mikil vinna verið lögð í uppgræðslu til að hefta

sandfok s.s. á Mýrdalssandi, en síðan er fyrirhugað stórfellt efnisnám við Hafursey sem gæti aukið á sandfok.

Skammadalskambar í Mýrdal sem eru á náttúruminjaskrá (C-hluti), er þekktur fundarstaður steingervinga. Það þarf að taka tillit til þess við skipulagningu skógræktarsvæðis við Skammadalshól (SL8).

Í almennum ákvæðum mætti bæta við ákvæði þess að skógrækt rýri ekki búsvæði fugla og nefna viðeigandi takmarkanir um fjarlægð frá búsvæðum o.þ.h. Eindregið er mælt með því að þeir sem koma að skipulagsmálum í þéttbýli kynni sér efni greinarinnar *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla í Náttúrufræðingnum* (Tómas Grétar Gunnarsson, 2020). Helstu þættir sem geta stuðlað að vernd vaðfugla eru dregnir saman í 1. töflu. Líkt og þar kemur fram er mikilvægt að vanda vel til verka þegar kemur að skógrækt til að takmarka búsvæðatap vaðfugla. Ekki er einungis um að ræða það svæði sem fer undir skógræktina heldur hefur skógur einnig jaðaráhrif sem nær töluverða vegalengd út frá honum. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær. Því getur búsvæðatap vaðfugla vegna skógræktar verið umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu. Skjólbelti ætti einnig að nota sparlega og helst í grennd við önnur fyrirliggjandi mannvirki sem þegar hafa fælandi jaðaráhrif.

Þá er þörf á að skilgreina og afmarka svæði í aðalskipulagi þar sem skógrækt verður ekki leyfð vegna áhrifa þess á landslag og fuglalíf.

Athuga þarf að láglendi Mýrdalshrepps er þekkt fyrir að fjöldi fágætra æðplöntutegunda og tegunda á valista er með því hærra sem gengur og gerist hér á landi (Wasowicz og Heiðmarsson 2019). Öll landnotkun sem felur í sér röskun á gróðurþekju sem og skipulag skógræktar, hvort sem er endurheimt birkiskóga eða nytjaskógrækt hvers konar, þyrfti að vera ígrundað m.t.t. til útbreiðslu fágætra plantna.

Grösugar brekkur Mýrdalshrepps er eitt helsta landslagseinkenni svæðisins. Hafa þessar graslendisvistgerðir margar hverjar hátt verndargildi. Meta þarf áhrif skógræktar á vistgerðir á þessu svæði sem og sjónræn áhrif skógræktar á landslag heildstætt með tilliti til þessa þátta.

**5.5.1 Náttúrulegir Birkiskógar:** Nefna mætti eða sýna á skipulagskortum hvar þessa 209 ha náttúrulegra birkiskóga er að finna í sveitarfélaginu, sbr. að í kafla 5.5.2 er nefnt hvar helstu uppgræðslusvæði er að finna.

„Að tryggt verði að náttúrulegir birkiskógar verði endurheimtir ef önnur nýting er fyrirhuguð á svæðinu.“

Óljóst er hvernig á að endurheimta náttúrulegan birkiskóg sé honum eytt með framkvæmdum þar sem náttúrulegir birkiskógar eru margir hverjir gamalgróin vistkerfi með sérstæða plöntusamsetningu í skógarbotni og ásætum.

**5.7 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E):** Í töflu 14 þarf að koma fram hvort um ný efnistökusvæði sé að ræða. Þá er efnistökusvæði E15 mikið lýti á fallgri strandslengju og tiltölulega óröskuðum söndum sunnan við Hjörleifshöfða, sem jafnframt er mikill ferðamannastaður.

#### 7.4.4 VATNSVERND Á STRANDSVÆÐUM VIÐ ÁR, VÖTN OG SJÓ (VS)

“Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.”

Náttúrufræðistofnun telur að miða ætti við 100 m sem lágmarksfjarlægð.

**7.6 HVERFISVERND (HV):** Náttúrufræðistofnun og landslag Mýrdalshrepps hefur mikla sérstöðu á bæði lands- og heimsvísu og hvetur Náttúrufræðistofnun sveitarfélagsið til að nýta hverfisvernd fyrir einstök svæði sem jafnframt eru mikilvægir ferðamannastaðir s.s. Sólheimajökull og svæðið framan við jökultunguna, og sandarnir sunnan við Hjörleifshöfða. Þá hafa mörg sveitarfélög farið þá leið að setja hverfisvernd á C-hluta svæði náttúruminjaskrár.

**8.5 UMHVERFISVIÐMIÐ OG VÆGI:** Í töflu 21 um Gróðurfar og Vatnafar þarf einnig að taka tillit til 61. gr. laga um náttúruvernd um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.

### 8.7 FÆRSLA HRINGVEGAR:

Um Náttúrufar og dýralíf

„Votlendi nýtur verndar skv. **37. gr. náttúruverndarlaga**. Gert er ráð fyrir að endurheimta votlendi í stað þess sem raskast með vegagerð og er litið til Mýrdalsins, Engigarðsmýri og Rofamýri.“ Hér er líklega verið að vísa í 61. gr. nvl.

„Beint rask á ræktuðu landi skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar er 5,2 ha. Ræktað land er að stærstum hluta tún.“ Náttúrufræðistofnun hefur ekki skilgreint ræktað land, þessi gögn eru fengin annarsstaðar frá sbr. bls. 22 í fjölrítinu Vistgerð á Íslandi frá 2016: „útbreiðsla ræktaðs lands úr landupplýsingagrunnum frá Landbúnaðarháskóla Íslands frá 2009 og Bændasamtökum Íslands 2015“.

Almennt um töfluna í kafla 8.7

Það þykir sérstakt og jafnvel misvísandi að verið sé að leggja mat á áhrif þessarar framkvæmdar út frá gömlum gögnum þegar vitað er að þessi framkvæmd er í umhverfismati og matsskýrsla í vinnslu hjá VSÓ/Vegagerð. Ef þetta á að vera til umfjöllunar í aðalskipulagi Mýrdalshrepps væri réttara að óska eftir nýjum upplýsingum frá Vegagerðinni eða bíða eftir álit Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum. Skýrsla NÍ sem ráðgjafa er frágengin og afhent, en bíður þess að vera birt samhliða birtingu umhverfismatsskýrslu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við vinnslutillögu aðalskipulagsins.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0) (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Ítarefni og heimildir:

Einfölduð tafla úr grein Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020). Þættir sem geta stuðlað að ákjósanlegri verndarstöðu íslenskra vaðfuglastofna. Tillögurnar nýtast einnig mörgum öðrum hópum íslenskra fugla. Nánari útskýringar eru í meginþexta.

Landgerðir	Aðgerðir
Opið land	Vaðfuglastofnar þrífast á opnu landi af ýmsum gerðum. Mikilvægt er að hafa sem : svæði á láglandi með sem minnstu af mannvirkjum og hávöxnum gróðri. Samanlögð áhrif þessa loka landslaginu og valda því að vaðfuglastofnum hnignar. Skilyrði fyrir vaðfugla fylgja hóflegri sauðfjárbætur og hefðbundinn sauðfjárbúskapur er líklega ví af forsendum fyrir sterkum vaðfuglastofnum.
Votlendi	Vernd og endurheimt votlendis er mikilvæg þar sem við verður komið. Votlendi er mikilvægt vaðfuglum og öðru dýralífi langt út fyrir mörk sín. Víða er hægt að viðhal tjörnum og blautum blettum, og jafnvel búa til slíkt votlendi innan um land sem er notkun, t.d. landbúnaðarland
Fjörur	Gagnlegt er að takmarka umferð manna og gæludýra um fjörur á fartíma á vorin c varptíma (apríl-júlí) þar sem saman fara fuglarík svæði og mikil umferð, s.s. nálægt þéttbýli og við ferðamannastaði.
Áreyrar og sandar	Hálfgrónar eyrar og sandar á nokkrum afmörkuðum svæðum á landinu, oft meðfram ám og sjó, eru búsvæði verulegs hluta af heimsstofni spóa og fjölda annarra vaðfu bráð eru þessi svæði í hættu vegna ágengra tegunda, einkum lúpínu, og í lengd ve; loftslagsbreytinga og stýringar vatnsfalla. Rík ástæða er til að vernda verðmætustu svæðin fyrir landnámi lúpínu og fleiri hávaxinna jurta. Hér má til dæmis nefna eyra meðfram ám á Suðurlandi og sanda við Öxarfjörð og Úthérað.
Skógrækt	Skógrækt, og önnur ræktun hávaxinna plantna, er skilvirk leið til að fækka vaðfugl er því mikilvægt að huga að skipulagi skógræktar bæði innan jarða en ekki síður á landsmælikvarða. Við skógrækt ætti að kappkosta að planta frekar færri og stærri skógum en fleiri og minni til að lágmarka lengd skógarjaðars þar sem skógarreitir minnka þéttleika vaðfugla langt út fyrir skógarmörk. Plöntun í halla og á sem minn grónu landi lágmarkar einnig neikvæð áhrif skógræktar á flesta vaðfugla. Mest er a vaðfuglum á frjósömum og grónum láglandissvæðum og á slíkum svæðum hefur skógrækt mest áhrif á vaðfugla.
Landbúnaðarland	Landbúnaðarland er hagfelld sumum tegundum vaðfugla en mikilvægi þess virðist nokkuð eftir því hvað er í næsta umhverfi. Mikilvægt er að hlífa úthaganum í grenn landbúnað sem mest fyrir öðru raski en hóflegri beit. Órækt í kringum ræktað lanc breiðir óslegnir kantar í kringum spildur, gagnast sem hreiðurstæði. Mikilvægt er a viðhalda tjörnum og votlendi í kringum landbúnaðarland. Líklegra er að ungar slep þegar tún eru slegin innan frá og út en öfugt.
Mólendi	Mólendi er enn víðáttumikið og stendur undir stórum stofnum vaðfugla á landsmælikvarða. Mólendi á láglandi og lágheiðum er mikil- vægast. Suðurland er mikilvægasta landsvæðið fyrir vaðfugla en þar hefur mólendi verið skert mikið, ein með frístundabyggð og skógrækt. Mikilvægt er að hlífa stærstu svæðunum sem eft standa fyrir mannvirkjum og ræktun. Þar eru Lyngdalsheiði og Mosfellsheiði í sérfl sökum stærðar.
Mannvirki	Vaðfuglar forðast háreist mannvirki, s.s. byggingar og vindmyllur, rétt eins og háva gróður og vegi. Best er að áhrifasvæði slíkra umsvifa skarist sem mest til þess að þ hafi áhrif á sem minnst flatarmál af búsvæðum vaðfugla á opnu landi. Mörk um fja milli vatns og mannvirkja (50 m) í skipulagsreglugerð eru of knöpp til að tryggja sjálfsagða fuglavernd.

**Heimildir:**

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2-3) bls. 145-162.

Wasowicz, P. og S. Heiðmarsson 2019. A vascular plant red list for Iceland. *Acta Botanica Islandica* 16: 31-48. <https://doi.org/10.5281/zenodo.2875162> (<https://doi.org/10.5281/zenodo.2875162>)

---

**From:** "George Frumuselu" <bygg@vik.is>

**To:**

**CC:**

**Subject:** Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033

**Date:** 24.8.2022 09:48:22

Góðan daginn,

Undirritaður f.h. sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, óskar hér með eftir umsögnum um vinnslutillögu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 en umsagnarfrestur er til 14. september 2022.

Tillagan er aðgengileg á heimasíða sveitarfélagsins [www.vik.is](http://www.vik.is) (<http://www.vik.is>) undir Skipulag í kynningu.

Hér er hlekkur með gögnin á heimasíðunni.

[https://www.vik.is/static/files/Byggingarfulltrui/Adalskipulag/ask-m2021-2033-gr einargerd\\_umhverfismatsskyrslu-20220615.pdf](https://www.vik.is/static/files/Byggingarfulltrui/Adalskipulag/ask-m2021-2033-gr einargerd_umhverfismatsskyrslu-20220615.pdf)

([https://www.vik.is/static/files/Byggingarfulltrui/Adalskipulag/ask-m2021-2033-gr einargerd\\_umhverfismatsskyrslu-20220615.pdf](https://www.vik.is/static/files/Byggingarfulltrui/Adalskipulag/ask-m2021-2033-gr einargerd_umhverfismatsskyrslu-20220615.pdf))

<https://www.vik.is/static/files/Byggingarfulltrui/Adalskipulag/ask-m2021-2033-uppdraetti-20220615.pdf>

(<https://www.vik.is/static/files/Byggingarfulltrui/Adalskipulag/ask-m2021-2033-uppdraetti-20220615.pdf>)

Óska eftir að móttaka þessa pósts verði staðfest.

Bestu kveðjur,

**George Frumuselu**

*Skipulags- og byggingarfulltrúi*



**Mýrdalshreppur**

Sími: 487 1210  
bygg@vik.is  
Austurvegur 17  
870 Vík  
<http://vik.is>



**HEILSUEFLANDI**  
samfélag  
velliðan fyrir alla

Þessi tölvupóstur viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

## Viðhengi

image002.png (11 KB)

image001.png (249 KB)